

Félag prófessora
Háskóli Íslands
101 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/733
komudagur 12.1.2004


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um uppfinningar starfsmanna.


Þann 5. desember síðastliðinn fól formaður Félags prófessora (FP) undirrituðum að vinna umsögn félagsins um frumvarp til laga um uppfinningar starfsmanna. Frumvarpið gerir ráð fyrir að allir starfsmenn hjá hinu opinbera, þ.m.t. prófessorar og aðrir starfsmenn sem sinna vísindastörfum við háskóla, eigi rétt til uppfinninga sem þeir koma fram með en að atvinnurekandi (t.d. Háskóli Íslands) geti krafist framsals réttarins yfir uppfinningunni. Gert er ráð fyrir sanngjörnu endurgjaldi. Lögin eru frávikjanleg þannig að starfsmenn geta samið við atvinnurekendur um flesta þætti.

Vinnuhópurinn hefur engar efnislegar athugasemdir við einstaka kafla eða greinar frumvarpsins en bendir á eftirfarandi:

1. Frumvarp þetta er hugsað sem hvati til starfsmanna til frekari einkaleyfasóknar. Ekki er þó ljóst að þeim markmiðum verði náð. Umsóknir um einkaleyfi eru dýrt og flókið ferli og ekki ljóst að stofnanir á borð við Háskóla Íslands (HÍ) hafi fjárhagslegt eða þekkingarlegt bolmagn til að standa í slíku með starfsmönnum sínum. Án fjárhagslegs hvata er ekki ljóst að tilgangi frumvarpsins verði náð. Athyglisvert er að í Bandaríkjunum, þar sem einna bestur árangur hefur náðst í einkaleyfasókn, er farin sú leið að krefjast umsókna um einkaleyfi þegar uppfinningar verða til fyrir opinbert styrkjafé. Opinbert styrkjafé í Bandaríkjunum er mun rausnarlegra en gerist hér á landi. Meðalstyrkur þar til rannsókna í lífvísindum er margfalt hærri en meðalstyrkur frá Rannís og því ljóst að aðstæður í Bandaríkjunum til einkaleyfasóknar er mun betri en hér. Ætla má að setning laganna muni leiða til aukins kostnaðar fyrir ríkissjóð.
2. Hugsanlegt er að lög sem þessi virki hamlandi á samstarf við fyrirtæki. Hingað til hafa prófessorar við HÍ getað gert rannsóknasamninga við fyrirtæki um samstarfsverkefni. Slíkir samningar gera oft ráð fyrir nýtingarrétti fyrirtækjanna á uppfinningum þeirra verkefna sem þau greiða fyrir. Ekki er ljóst hvernig aðkoma HÍ að slíkum samningum verður ef frumvarpið verður að lögum eða hvaða áhrif það hefur á tengsl HÍ við atvinnulífið.
3. Þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir að lögin verði frávikjanleg gefst FP tækifæri til að semja við HÍ um flesta þætti frumvarpsins. Vanda þarf mjög þá samninga þannig að þeir örvi rannsóknir við HÍ og fjölgi umsóknum um einkaleyfi.
4. Lögin taka aðeins til hugverka sem vernda má með einkaleyfum á Íslandi en ekki til allra hugverka svo sem verka sem vernduð eru með höfundarétti. Æskilegt er að jafnræði ríki meðal kennara HÍ varðandi rétt til hugverka.

Reykjavík, 5. janúar 2003


Þorsteinn Loftsson


Guðni Á. Alfreðsson


Gunnlaugur Geirsson


Eiríkur Steingrímsson